

Markmið

Í textílmenn hjá 5. bekk er aðaláhersla lögð á hugmyndavinnu og er markmið að nemendur læri að útfæra hugmynd sína úr tvívídd yfir í þrívídd. Áhersla verður lögð á að efla skapandi hugsun nemenda með því að gefa þeim mjög frjálssar hendur í sköpunarferlinu.

Kennsluaðferðir/vinnulag

Nemendur læra að sníða eftir eigin pappírssniði og fá upprifjun á því hvernig saumavélin er notuð á einfaldan hátt. Einnig fá þau þjálfun í handsaumi og læra ýmsa nytsama hluti varðandi frágang. Þau safna hugmyndum og skrá sköpunarferli sitt í vinnubók sem þau útbúa í byrjun lotunnar. Aðalverkefni þeirra er fígúra sem þau hanna, sníða og sauma sjálf.

Námsmat

Námsmatið byggist á þeim verkefnum sem nemendur vinna í tíma og eru þau tengd hæfniviðmiðum úr Aðalnámsskrá. Framvinda hvers nemanda er skráð jafnt og þétt yfir kennslutímabilið og er svo metin í lok hverrar lotu og skráð með hæfnitáknum í Mentor.

Námsgögn

Úrklippu blöð, handavinnu bækur, efni, sníð, saumavélar og önnur almenn handavinnu áhöld.